

Ár 2007, föstudaginn 2. mars, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumáli nr. 6/2006:

ÍBV, handknattleiksdeild

gegn

HSÍ

Málið dæmir Bergþóra Sigmundsdóttir.

Mál þetta er höfðað með kæru sem dagsett er 8. mars 2006 og móttekin var á skrifstofu HSÍ 9. mars 2006. Málið var þingfest 2. mars 2007 og dómtekið þann sama dag.

Fyrir liggur dómskjal merkt nr. 1. Kæra, dags. 8. mars 2006, er barst HSÍ með símbrefi 9. mars 2006 og dómsskjal merkt nr. 2. Úrskurður aganefndar frá 8. mars 2006 er skrifstofa HSÍ lagði fram.

#### **Dómkröfur kæranda:**

Krafist er að úrskurður Aganefndar HSÍ frá 8. mars 2006, þar sem ÍBV er sektað um kr. 25.000, verði dæmdur ómerkur.

#### **Málsástæður kæranda:**

Í framangreindum leik hafi Hlyni Sigmarssyni verið vísað úr húsi án ástæðu en kærandi telur að hafi verið vegna meints kjaftbrúks. Kærandi lítur svo á að athæfi Hlyns hafi ekki verið kærúvert.

#### **Úrskurður aganefndar:**

Í úrskurði aganefndar kemur fram að nefndinni hafi borist skýrsla dómara eftir leik ÍBV og Vals í meistaraflokki kvenna sem fram fór hinn 4. mars 2006. Samkvæmt skýrslu dómara var einn forsvarsmaður ÍBV endurtekið með óíþróttamannslega framkomu og var það mat dómara leiksins að óska eftir því að viðkomandi einstaklingur yfirlæti leikstað svo hægt væri að halda leik áfram. Þá segir í úrskurðinum: “Ljóst er að hér um að ræða mjög alvarlegan misbrest á hegðun viðkomandi forsvarsmanns félagsins og einnig á umgjörð leiks þar sem nokkurn tíma tók að fá gæslumenn/starfsmenn til að fylgja eftir ákvörðun dómaranna, sem var í fullu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til heimaliðs sbr. ákvæði 2.1.20 um handknattleiksmót HSÍ. Í ljósi þessa og með vísan til ákvæðis 9.7.1 í reglugerð fyrir Aganefnd, er ÍBV sektað um kr. 25.000.”

#### **Niðurstaða dómsins:**

Þar sem atvik áttu sér stað í mars 2006 gilda ákvæði Reglugerðar um aganefnd sem í gildi voru á þeim tíma.

Samkvæmt 5. tl. 7. gr. laga um Dómstóla HSÍ skal dómari sem fær mál til meðferðar án tafar senda varnaraðila áskorun um að halda uppi vörnum í málinu, ásamt afriti af kærinni.

Samkvæmt 7. tl. sömu gr. skal dómari boða til þinghalds, þingfesta málið og ákveða framhald þess. Ef mál er ekki munnlega flutt skal aðilum gefinn stuttur frestur til að skila skriflegum athugasemdum.

Aðilar máls þessa, handknattleiksdeild ÍBV og Aganefnd HSÍ, hafa lagt fram þau gögn sem til þarf til að unnt sé að kveða upp dóm í máli þessu. Málsatvik eru ljós. Ekki er því talin nauðsyn á að senda Aganefnd HSÍ kæru handknattleiksdeildar ÍBV.

Samkvæmt gr. 9.2.1 í Reglugerð fyrir Aganefnd HSÍ, skal aganefnd úrskurða um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna á leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni og meistarakeppni. Nefndin fjallar um brot leikmanna, þjálfara, forystumanna félaga, félaga og áhorfenda.

Ljóst er að aganefnd bar að fjalla um atvik forystumanns ÍBV, Hlyns Sigmarssonar, og félagsins við framkvæmd á leikstað og fer því ekki út fyrir verksvið sitt með umræddri ákvörðun.

Samkvæmt gr. 9.4.5 í framangreindri reglugerð er heimilt að áfrýja til Dómstóls HSÍ úrskurðum aganefndar sem kveður á um það að leikmaður eða starfsmaður liðs skuli sæta leikbanni í lengri tíma en 6 mánuði. Að öðru leyti verður úrskurðum aganefndar ekki áfrýjað.

Dómstóllinn telur aganefnd ekki hafa farið út fyrir verksvið sitt með úrskurði sínum þann 8. mars 2006. ÍBV var sektað um kr. 25.000 og fellur úrskurðurinn því ekki undir ákvæði gr. 9.4.5 Úrskurður aganefndar í þessu tilviki er því fullnaðarúrskurður og er ekki unnt að áfrýja honum til Dómstóls HSÍ.

Dómsformaður harmar þau leiðu mistök að mál þetta hefur dregist svo sem raun ber vitni og er það alfarið á ábyrgð dómsformanns. Dómstól HSÍ bárust nokkrar kærur frá ÍBV á árinu 2006 og mislagðist þessi kæra við vinnslu annarra mála og er beðist velvirðingar á því.

### **DÓMUR:**

Kæru handknattleiksdeildar ÍBV á úrskurð Aganefndar HSÍ, um kr. 25.000 sekt á ÍBV vegna hegðunar Hlyns Sigmarssonar og framkvæmd ÍBV á leikstað á leik ÍBV og Vals þann 4. mars 2006, er vísað frá Dómstóli HSÍ.